

Ævisaga sem uppfyllir vonir og kröfur

LÍFSJÁTNING: Endurminningar Guðmundu Elíasdóttur, söngkonu. Ingólfur Margeirsson skráði. Útg. Íðunn 1981.

Bókmenntir

Jóhanna Kristjónsdóttir



Guðmundu Elíasdóttir

Það er án efa mikið vandaverk að skrifa ævisögu sína, eða lesa hana fyrir. Ævisaga verður aldrei nákvæm frásögn atburða, hún er sú stemning sem eftir situr í endurminningunni, þegar atburðir eru rifjaðir upp. Vitanlega byggist mikið á minni sögumanns, en umfram allt byggir slík bók á því hversu hreinskilinn sögumaður er, hvort hann hefur hæfileika til að velja og hafna, hvort hann hefur hugrekki til að tjá sig um atburði sem auðvelt væri að láta annað tveggja liggja í þagnargildi ellegar breyta svo að útkoman verði jákvæðari fyrir sögumann. Ég hef lesið fjöldamargar ævisögur gegnum árin og það er sjaldgæft að þær vekji með manni slíkan fögnuð og aðdáun og lestur Lífsjåtningar Guðmundu Elíasdóttur. Sú bók uppfyllir einfaldlega þær kröfur og vonir sem maður gerir til endurminningabókar, þar er vissulega mikið sagt, en gert á þann hátt að lesandinn fagnar hispursleysi og hreinskilni, bókinn er vissulega býsna ítarleg en þó nánast ekkert sagt sem maður hefði viljað missa af.

Nú skal það tekið fram, að ég þekki hvorki listakonuna Guðmundu Elíasdóttur né heldur manneskjuna nema af léttri afspurn og því hafði ég engar fyrirfram skoðanir á lífshlaupi hennar. Eins og fleiri Reykvíkingar vissi

ég um síðsumarást hennar og Sverris Kristjánssonar og fannst hún sjarmerandi, að öðru leyti var ég ekki viss um hvort saga hennar myndi vekja áhuga minn. En er þá ekki að orðlengja að ég lagði ekki bókina frá mér fyrr en hún var lesin öll og sú hugsun sem leitaði á mig að lokum var einfaldlega sú, að mikið langaði mig til að hitta þessa konu og kynna henni.

Það er öldungis rétt sem segir á kápu, að hér er ekki nein hversdagsleg æviferilsskýrsla á ferð. Víst er sagan ævintýri líkust, enda geta ævintýri oft verið grimmúðleg og miskunnarlaus þótt stundum fari allt vel að lokum. Frásögn Guðmundu af bernsku sinni er bæði aðgengileg og læsileg, ekkert ofhlaðið hér eða þar og þegar sviðið færast síðan yfir til Kaupmannahafnar, en þangað fer hún fyrst af útþrá og síðan hefur hún söngnám með tilheyrandi basli og barningi er skilur eftir sterk áhrif.

Hjónaband, basl, flutningar fram og aftur yfir Atlantskála, söngsigrar hér og erlendis og áfram meira bags og nauð og þó eru vissulega sólskinsblettir inn á milli, allt er þetta sett fram svo skilmerkilega

og læsilega að lesandi sem ekki verður snortinn hlýtur að vera dauður maður. Líf og starf Guðmundu í útlöndum er enginn dans á rósum, það eru miklar sveiflur í ferli hennar sem söngkonu og stundum eru ekki björgulegar aðstæður hennar, hvorki ytri né innri. En hún hefur það af, vegna þess að hún virðist þrátt fyrir ákveðna erfiðleika bæði í skapgerð sinni — sem hún er fyrsta manneskjan til að skilja — og í umhverfi vera gædd ótrúlegri seiglu og húmor fyrir sjálfri sér. Þó að hún sé oft í þann veginn að gefast upp verður saga hennar af þeim tíma, jafnt sem velgengi aldrei blandin beizkju ellegar hroka, alltaf lýsir í gegn snerpan og glettnin.

Margir munu eflaust hafa áhuga á þessari bók vegna fyrrnefnds kafla um hjónaband þeirra bóhemanna Guðmundu og Sverris.

En ég ímynda mér að þeim fari fleirum sem mér að verða gagnsteknir af lestrinum löngu áður en að þeim kafla kemur.

Ingólfur Margeirsson hefur skrásett minningarnar og játningarnar og án efa er óhætt að staðhæfa að hans hlutur sé mikill og góður.

Sinfóníutónleikar

Háskólabíó 26. nóvember '81.
Stjórnandi:
Gabriel Chmura
Einleikari:
Einar Jóhannesson
Efnisskrá: Brahms, Tragíska forleikurinn op. 81
Áskell Másson, Konsert fyrir klarinett og hljóm-sveit
Rossini, Inngangur og variasjónir fyrir klarinett og hljóm-sveit
Mendelssohn, Sinfónía nr. 4 op. 90.

Tónlist

Egill Friðleifsson

Hljóm-sveitarstjórinn, Gabriel Chmura, dustaði Sinfóníu-hljóm-sveitina duglega til á tónleikum um sl. fimmtudagskvöld. Tónsproti hans flaug um loftið eins og hvítur stormsveipur og tókst að laða fram bestu hliðar hljóm-sveitarinnar og erlangt síðan hún hefur átt jafn góðan dag. Chmura er ákaflega rögg-samur og ákveðinn stjórnandi,

sem virðist vita nákvæmlega hvað hann vill og nær settu marki. Hann stjórnaði bæði Brahms og Mendelssohn nótnalaust og lék hvort tveggja í höndum hans. Það var sama hvort um var að ræða alvörugfna hljóma Tragíska forleiksins eða létt leikandi tónavef ítölsku sinfóníunnar, en báðar þessar tónsmíðar eru meistara-verk þó ólíkar séu.

En það var þó klarinett-konsert Áskells Mássonar sem að margra dómi vakti mesta athygli þetta kvöld. Konsert þessi hljómaði fyrst á hinum eftirminnilegu felutónleikum í janúarlok sl. vetur, en svo eru þessir tónleikar kallaðir vegna þess hve fáir höfðu hugmynd um þá. Þó var um að ræða einn



Gabriel Chmura



Einar Jóhannesson

Listiðnaður frá Fjóni

Í Norræna húsinu stendur nú yfir merkileg og falleg sýning á listiðnaði frá Fjóni. Undirtitill þessarar sýningar er „HERFRA MIN VERDEN GÅR“, og þar er að finna vefnað, glerhluti, leir-muni, ljósmyndir, silfur og gull. Hópur sýnenda er nokkuð stór, og ef mér telst rétt til, eru það 22 listiðnaðarmenn, sem í hlut eiga. Eins og allir vita hér á landi, er mikill kultúr í listiðnaði á Norðurlöndum, og ekki hvað síst hjá Dönum. Þeir eru frægir um víða veröld fyrir hluti sína, og má með réttu segja, að hefð þeirra á þessu sviði ná fram í gráa fornaskju. Því til sönnunar má benda á þá

Myndlist

Valtýr Pétursson

stórkostlegu hluti, sem grafnir hafa verið úr jörðu, og sumir hverjir eru nú um þessar mundir á skjánum í þætti um víkinga.

Þessi sýning í Norræna húsinu er afar fjölbætt og gefur ágæta hugmynd um listiðnað á þeirri fögru eyju, Fjóni. Það er hver einasti hlutur valinn á þessa sýningu og vandað mikið til. Því er það ekki létt verk að gera upp á milli sýningargripa, og ég held, að það

sé heldur ekki sanngjarnt, því að ætíð yrði eitthvað útundan. Það má aftur á móti benda á nokkur verk, en það er aðeins til mála-mynda, því að flest, ef ekki allt, sem þarna er til sýnis, er vissulega þess virði að því sé veitt eftirtekt. Sérstaklega var ég hrifinn af vefnaðinum á þessari sýningu og nefni verk eftir Jette Nevers, Annette Holdensen, Amy Grandt-Nielsen, Anne Björn, Anne Marie Egemose og þau Karen og Preben Høyer. Af glermunum voru það verk Jesper Sodrning, sem hrifu mig mest, og keramik er þarna afar falleg og glæsileg í formi. Má þar til nefna verk eftir

Merethe Bloch, Ida Holm Mortensen, Inge Heise og Peter Tybjerg. Aðeins einn gullsmíður á þarna verk, Anette Kræn, og það er ekki ráðist á garðinn, þar sem hann er lægstur, ef farið er í samanburð við Dani í þessari framleiðslu. Ég hvet fólk til að sjá þessa sýningu, og hafa má það hugfast að hér er ekkert rusl á ferð. Það er mikill fengur að fá að sjá þessa muni, og vonandi þurfa viðkomandi listamenn ekki að kvarta yfir sinnuleysi hérlendra, hvað listgreinir þeirra snertir.

Það var mjög ánægjulegt að sjá þessa sýningu, og það má vera, að hollt sé fyrir okkur að bera þessi verk saman við þá sýningu, sem var á Kjarvalsstöðum í sumar leið. Við höfum ekki eins sterka hefð í þessum hlutum og Danir, og margt höfum við sótt til þeirra

í þessum efnum. Ekkert er ég að ýja að því, að við séum verri eða betri, en samanburður ætti að vera okkur til þroska, og það er ekki ráðist á garðinn, þar sem hann er lægstur, ef farið er í samanburð við Dani í þessari framleiðslu. Ég hvet fólk til að sjá þessa sýningu, og hafa má það hugfast að hér er ekkert rusl á ferð. Það er mikill fengur að fá að sjá þessa muni, og vonandi þurfa viðkomandi listamenn ekki að kvarta yfir sinnuleysi hérlendra, hvað listgreinir þeirra snertir.

Enn einu sinni höfum við fengið að njóta starfsemi Norræna hússins og þrátt fyrir það, að þar mun nú vera þröngt í bú. Það er ekki ónýtt að fá slíka heimsókn í svartasta skammdeginu og þannig öðlast hressingu í sálinni.

Tvær sýningar

Guðmundur Karl Ásbjörnsson


Vegna verkfalls bókagerðarmanna varð því ekki við komið að minnast á sýningu Guðmundar Karls Ásbjörnssonar í Gallery 32 hér í blaðinu. Þegar ég loksins komst til að reka þar inn nefið, var verið að ljoka sýningu Guðmundar það kvöldið.

Það er því síðbúið að minnast á þessa sýningu, en skal samt gert. Guðmundur Karl hefur lengi fengist við myndlist og hefur haldið margar sýningar á verkum sínum. Hann er enginn nýgræðingur á þessu sviði og hefur stundað nám erlendis um langt árabíl í listgreini sinni. Þarna á þessari sýningu voru mestmegnis vatnslitamyndir, eða um 20 af 27 myndum, sem á sýningu Guðmundar voru. Þessi sýning Guðmundar gaf ekki neinar breytingar í lit Guðmundar til kynna, og verður ekki sagt með sanni, að

hér hafi verið um tímamóta-sýningu að ræða. Tvær af vatnslitamyndunum á þessari sýningu skáru sig dálítið úr öðrum verkum. Báðar voru þær tengdar hafinu, og hét önnur þeirra Sigling og hin Hafíð. Í þessum myndum var eins og Guðmundi væri lausari höndin en venjulega og áhrifin urðu meiri hreyfing en í mörgum öðrum verkum hans. Þarna voru einnig litlar vatnslitamyndir, sem mér virtust litgladari en mörg önnur verk á þessari sýningu.

Margrét Reykdal

Á vesturgangi Kjarvalsstaða hefur Margrét Reykdal fnt til sinnar þriðju einkasýningar hér í borg. Það skal jatað, að sá, er þetta ritar, hefur ekki áður séð verk þessarar listakonu og því getur hann ekkert um það sagt, hvort þessi sýning er betri en þær fyrri. Enda kemur það lítið mál-



Margrét Reykdal við eitt verka sína.

unum við. Hitt skal viðurkennt, að þessi snotra sýning kom mér svolítið á óvart. Margrét stundaði nám í Noregi á sínum tíma, og má sjá nokkur áhrif í þessum verkum hennar sem tengja mætti norskri myndlist.

Það eru tuttugu og þrjú oliumálverk á sýningu Margrétar, og eru það allt oliumálverk. Þessar myndir láta ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn, en þær eins og

læðast í huga manns, þegar á liður kynningu. Margrét hefur heillega tóna í myndum sínum og hún spilar á hugmyndaflug, sem virðist frásögukennt (litterært) í eðli sínu. Það er viss drauma- eða rómantískur þáttur í þessum verkum, sem bæði samanstendur af litbyggingu og efnisvali. Með öðrum orðum, hér er rómantískt skáld á ferð, sem notar form og liti til að tjá hug sinn. Það má að

vísu finna nokkur áhrif frá öðrum málurum í sumum verkum Margrétar, og er ekkert nema gott um það að segja. Sannleikurinn er sá, að hún er um margt sjálfstæð í list sinni, og þá er líka mikið sagt.

Af þeim verkum, sem mér urðu minnisstæðust á þessari sýningu, get ég tilnefnt málverk eins og Ferð í draumi, Myndir, Eyjar í hafi og Beitiland. Allt eru þetta þokkaleg verk, sem ég hafði ánægju af að kynna, og ég held að þessi verk sem ég hef hér talið, gefi ágæta hugmynd um þessa listakonu. Það má einnig minnast á það í sambandi við þessa sýningu, að það virðist ekki verra að vera með litlar sýningar á göngunum á Kjarvalsstöðum. Jafnvel fara þær betur þarna en í sjálfum söluum, þar sem mikið magn þarf til að fylla þau rúmu húsa-kynni. Það hafa verið tvær sýningar á göngum Kjarvalsstaða að undanfögnu, sem sanna þetta mál. Örn Ingi í hægri gangi og svo Margrét Reykdal í vestur gangi.

Valtýr Pétursson